# KALKA sorpeyðingarstöð sf.

## Minnisblað

4. júní 2019

Að undanförnu hafa skapast miklar umræður um framtíð Kölku eftir kynningarfund um málefni félagsins sem haldinn var nýlega í DUUS húsum.

Fulltrúar eigenda hittust í lok síðustu viku til að ræða stöðuna og var á þeim fundi lagt til að formlega yrði skipuð nefnd með fulltrúum allra eigenda til að leiða málið áfram.

Í því felst m.a. að ræða við Reykjavíkurborg um samstarf Kölku og Sorpu, skoða nánar þær upplýsingar sem nú liggja fyrir um framtíðaruppbyggingu Kölku og í kjölfarið leggja síðan fram tillögur um næstu skref í málefnum fyrirtækisins.

Er því lagt til að bæjarráð Reykjanesbæjar skipi 1 fulltrúa í vinnuhóp og óski formlega eftir því að önnur sveitarfélög á Suðurnesjum geri slíkt hið sama.

Virðingarfyllst

Friðjón Einarsson, formaður bæjarráðs